

Reglugjörð

63
7. júní

um melrakkaveiðar fyrir Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi, er skyld að sjá um, að eytt sje melrökkum í afrjettum og heimalöndum hreppsins, svo sem með því, að láta vandlega leita grenja á hverju vori, að fá skotmenn til að vinna melrakka þá, er þar hafast við og hvolpa þeirra. Álíti hreppsnefndin þörf til, ber henni eftir leiðbeiningum dýralæknis, að láta bera út eitrad agn fyrir melrakka, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem með þarf. Alla aðalframkvæmd og umsjón þessa starfa getur hún fallið einum manni á hendur og nefnist hann melrakkaveiðastjóri.

2. gr.

Hreppsnefnd skal skifta afrjettum og heimalöndum, sem líkindi eru til að melrakki geti tekið gren í, í hæfilega stórar melrakkaleitir og ritar melrakkaveiðastjóri skrá yfir þær með tölu og unmerkjum í melrakkabókina. Þar skal telja upp öll þau gren, sem menn þekkja að sjeu í landeign hreppsins, með stuttri lýsingu á hverju greni og afstöðu þess. Finnist síðar ný gren skal þeim nákvæmlega lýst í melrakka bókinni.

3. gr.

Hreppsnefndin útnefnir svo margar melrakkaskyttur fyrir hreppinn, sem hún álltur að þurfi, og skal rita nöfn þeirra og heimili í melrakkabókina. Skyldur er hver innanhreppsmaður, sem hreppsnefndin útnefnir fyrir melrakkaskyttu að hafa þann starfa á hendi þrjú ár í senn. Skal melrakkaveiðastjóri aðvara hvern þeirra í tækan tíma, að vera viðbúinn að fara á gren, þegar von er til að melrakkar haldi sig þar. Líta skal og melrakkaveiðastjóri eftir því, að þessir menn hafi byssur og skotfæri í góðu lagi. Einnig skal sjá um, að ungir menn, sem kunna að fara með byssu, sjeu einkum til þess valdir, að liggja við gren með melrakkaskyttum til að læra af þeim. Nú er eigi hæfa menn að fá innan hrepps fyrir melrakkaskyttur og er þá hreppsnefndinni heimilt að ráða utanhreppsmenn til þess starfa, ef kostur er á.

4. gr.

Á hverju vori skal hreppsnefnd nefna til einn leitarfönging fyrir hvert melrakkaleitarsvæði og færir melrakkaveiðastjóri nöfn þeirra inn í melrakkabókina. Þegar hreppsnefnd skilpar fyrir um melrakkaleitir, getur hún kvatt búendur og aðra fjáreigendur til leitarinnar og nær það eins til utanhreppsmanna, er upprekstur nota í hreppnum. Kostnað þann, er af grenjaleitum leiðir, greiða eigendur og umráðamenn afrjetta svo og þeir, er frjálstan upprekstur eiga hlutfallslega við notkunarrjettinn, nema öðruvísi sje um samið.

5. gr.

Hver leitarfönging skal vera sjálfur í grenjaleit með leitarmönnum sínum. Skal leita

vandlega í öllum fornum grenjum á hverju melrakkaleitarsvæði og athuga jafnframt sem nákvæmast, hvort þar sjeu ekki ný gren. Leitarforingi skal skipa fyrir um það hvar og hvernig hver leitarmaður skuli ganga, og sjá um, að þeir fylgi allir þeim reglum, sem hann setur. Þegar því verður við komið skal melrakkaskytta vera í leitinni með skotfæri sín, til þess að leggjast þegar í stað við gren, ef það finst með melrökkum í. Leitarforingi skipar fyrir um það, hver leitarmanna liggja skal við gren með skotmanni; en sje hann eigi í leitinni sendir leitarforingi, ef þörf gerist, einn af leitarmönnum tafarlaust til hans, en setur annan til að gæta grenisins á meðan. Sjá skal leitarforingi um, að þeir, sem við gren liggja, sjeu svo útbúnir, að þeir geti legið þar í hverju veðri, sem er, svo lengi sem með þarf.

6. gr.

Skotmaður og aðstoðarmaður hans skulu með allri kostgæfni leitast við að drepa melrakka þá, er halda við grenið og beita til þess öllum þeim brögðum, sem þeir eiga kost á. Eigi mega þeir yfirgefa gren, fyr en þeir hafa annaðhvort unnið það að fullu, eða að öðrum kosti legið við það þrjá sólarhringa og gert alt það, er í þeirra valdi stóð til að vinna það. Hvolpunum skulu þeir leitast við ná út úr greninu, án þess að umróta því, en náist þeir eigi, skulu þeir þó reyna að drepa þá með eitri, eða með því, að bræla þá inni í greninu, ef því verður við komið.

7. gr.

Jafnskjótt og skotmaður er heim kominn af greni, skal hann skýra melrakkaveiðastjóra brjeflega eða munnlega frá hvæ lengi hann hefir legið við grenið, hverja aðferð hann hefir þar viðhaft og hvað honum hefir orðið ágengt. Með skýrslu sinni skal henn láta fylgja skott eða hauskúpu melrakka þeirra, er hann hefir unnið að því sinni, til sannindamerkis. Vanræki skotmaður að gefa skýrslu þessa í tækan tíma, hefir hann fyrirgert því endurgjaldi, sem honum annars ber, fyrir veru sína á greninu.

8. gr.

Skotmaður skal fá að launum fyrir hver tvö dægur, sem hann er frá heimili sínu til að vinna gren hæfilegt kaup, sem ekki sje innan við 5 álnir eftir meðalverði verðlagsskrár það ár og gildir sama um aðstoðarmann hans. Sjálfir skulu þeir sjá sjer fyrir skotfærum, fæði og öðru, sem þeir með þurfa.

Auk daglaunanna fær skotmaður 5 kr. fyrir fyrra dýrið, er hann vinnur við gren og 10 kr. fyrir það síðara og 1 kr. fyrir hvern hvolp.

9. gr.

Finni einhver gren með melrökkum í, áður en grenjaleit er gerð, eða eftir að henni er lokið, skal hann tafarlaust gera leitarforingja eða melrakkaveiðastjóra varan við. Skal þá jafnframt fá skotmann og aðstoðarmann með honum til að vinna það gren, og fer um það eins og áður segir um gren, sem finst í leit.

Þeim, er þannig finnur gren utan grenjaleitar, má veita hæfilega þóknun, þyki hreppsnefndinni ástæða til þess.

10. gr.

Nú finnur einhver gren á þann hátt, sem um er rætt í næstu grein á undan, og

63 lætur ekki leitarforingja eða melrakkaveiðastjóra vita, eða legst sjálfur á grenið heimildar-
7. júní laust og annaðhvort vinnur ekkert eða spillir greninu á einhvern hátt, þá varðar það sektum eftir málavöxtum.

11. gr.

Nú legst bitvargur á fje manna annaðhvort í afrjettum eða heimalöndum, á hverjum tíma árs sem er, og skal þá melrakkaveiðastjóri fá skotmann til að eyða þeim bitvargi, fyrir sanngjarnt kaup, ef þess má auðið verða. Hreppsnefndin skal á fundi ákveða, hver verðlaun skal veita þeim, er þannig eyðir bitvargi. Á sama hátt skal hún og ákveða verðlaun fyrir veiði annara melrakka, sem drepnir eru í hreppnum annarstaðar en við gren, og á þeim tíma árs, þegar melrakkinn er einskis virði.

12. gr.

Auk þess skal melrakkaveiðastjóri styðja að því, að reyndar sjeu á vetrum melrakkaveiðar, með dýrabogum, refagildrum eða með því, að halda uppi skotkofa, hvar legið sje í til að skjóta melrakka við útburð, einnig með því að ala upp og venja hunda á, að taka melrakka, alt eftir því, sem hverjum tíma heyrir og best hagar á hverjum stað. Það, sem gert er í hreppnum á þennan hátt, skal rita árlega í melrakkabókina, og hvern árangur það hefur.

13. gr.

Hverjum, sem sýnir afbragðs dugnað á melrakkaveiðum, eða kennir öðrum góða aðferð við þær, má hreppsnefndin veita verðlaun, eftir atvikum, og skal hún ennfremur, ef henni þykir sem slíkur maður eigi sjer fáa eða enga jafningja innansýslu við melrakkaveiðar, skýra sýslunefndinni sjerstaklega frá framkvæmdum hans, svo sýslunefndin geti gert að álitum, hvort hún vill sýna slíkum manni viðurkenningu.

14. gr.

Þar sem heimalönd eða afrjettir tveggja eða fleiri hreppa liggja saman, skulu melrakkaveiðastjórar þessara hreppa eiga fund með sjer, að minsta kosti einu sinni á ári, til að ræða um og koma sjer niður á, hve mikinn útburð fyrir melrakka skal við hafa það ár, hvernig útburðinum skal haga, og hvað víða niðursetja og sömuleiðis um hverjar aðrar veiðibrellur, sem hugsanlegar þykja, eða fundið kann að verða uppá, til að eyða melrökkum. Sýni melrakkaveiðastjóri eða einhver annar, sem trúað er fyrir melrakkaveiðinni, óhlýðni eða hirðuleysi í þeirri grein, varðar það sektum eftir málavöxtum.

15. gr.

Á hverju hausti skal hreppsnefndin semja reikning yfir allan þannu kostnað, sem er áfallinn það ár fyrir grenjavinningar og aðrar melrakkaveiðar í hreppnum, einnig til verðlauna fyrir þær og það, sem gengið hefur í kostnað við eltrun og útburð. Skal rita reikning þennan í melrakkabókina eins og alt annað, sem hreppsnefndin og melrakkaveiðastjóri gera og ráðstafa í þessu máli. Allan kostnað, sem leiðir af melrakkaveiðinni, skal greiða úr sveitarsjóði hvers hrepps.

16. gr.

Þar sem ekki eru til löggiltar melrakkabækur, skal hreppsnefndin tafarlaust útvega melrakkabók og fá hana staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Er hver hreppsnefnd skyld til að gefa honum endurrit af melrakkabókinni þegar hann krefst þess.

63
7. júní

17. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar sektum 10—200 krónum, sem renni í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í, og skal fara með málin, sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með reglugjörð þessari er numinn úr gildi 13. kafli reglugjörðar Eyjafjarðarsýslu frá 14. júní 1910 um fjallgöngur, fjárskil og melrakkaveiðar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 7. júní 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Auglýsing

64
10. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á reglum um mjólkursölu á Ísafirði.

Samkvæmt lögum nr. 32, 22. nóvember 1918 um mjólkursölu á Ísafirði, eru hjermeð staðfestar eftirritaðar reglur um mjólkursölu á Ísafirði, er bæjarstjórnin þar hefur samþykkt:

**Reglur
um mjólkursölu á Ísafirði.**

1. gr.

Mjólk má eigi selja í bænum nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Þó mega eigendur mjólkurgripa, sem búsettir eru í Eyrarlandi og fóðra þá þar, selja mjólk sína á heimilum sínum meðan heilbrigðisnefnd leggur eigi bann fyrir.